



REGLUGERÐ UM STIGAKEPPNI GOLFKLÚBBA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst fyrir stigakeppni golfklúbba sem er liðakeppni golfklúbba innan valinna móta á mótaröð fullorðinna, sbr. reglugerð um stigamót.

Keppnin fer fram í þeim mótum á mótaröð fullorðinna þar sem hámarksfjöldi þátttakenda er 60 eða meiri.

2. gr.

Í hverju liði eru fjórir keppendur í karlaflokki og þrír í kvennaflokki. Í karlaflokki telja þrjú bestu skor í hverri umferð og í kvennaflokki tvö bestu skor.

Ef lið eru jöfn að öllum umferðum loknum ræður lægsta skor liðs í einhverri umferðanna röð liðanna. Ef lið eru enn jöfn ræður næst lægsta skor röð liðanna o.s.frv.

3. gr.

Klúbbar sem vilja senda lið til keppni skulu tilkynna liðsskipan til GSÍ a.m.k. tveimur sólarhringum áður en mót hefst (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á miðvikudegi ef mótið hefst á föstudegi).

Berist liðsskipan ekki innan þeirra tímamarka skulu fjórir forgjafarlægstu keppendur í karlaflokki teljast í liðinu og þrír forgjafarlægstu í kvennaflokki. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sömu forgjöf skal hlutkesti ráða.

4. gr.

Lið fá stig í keppninni í samræmi við árangur liðsins í hverju móti. Stig reiknast eins og fram kemur í viðauka I í reglugerð um stigamót.

5. gr.

Stigameistarar golfklúbba í flokki karla og í flokki kvenna eru þau lið sem eru efst að samanlögðum stigum eftir lokamót keppnistímabilsins.

Ef tvö lið eru jöfn telst það lið sigurvegari sem efst hefur orðið í fleiri mótum og ef þau eru enn jöfn sigrar það lið sem hefur lægra heildarskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessu móti ræður hlutkesti.

6. gr.



Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ, að undanskilinni 7. grein.

7. gr.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 14. maí 2019.